

Reglur um náttúruvætti

Samkvæmt heimild í 22. gr. laga um náttúruvernd hefur [Umhverfisstofnun] fyrir sitt leyti ákveðið að friðlýsa Bárðalaug í Breiðuvíkurbreppi, Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, ásamt næsta nágrenni, og er hér um náttúruvætti að ræða.

Mörk náttúruvættisins eru:

Að norðanvestan ræður þjóðvegur. Að norðaustan ræður vegur að Hellnum frá þjóðvegi að Björnsdys. Frá Björnsdys lína í norðvesturhorn Fornu-Laugarbrekkutúns. Þaðan bein lína um suðvesturodda Laugarvatns að þjóðvegi.

Um náttúruvættið gilda þessar reglur:

1. Gangandi fólki er heimil för um svæðið, enda sé snyrtilega gengið um.
2. Mannvirkjagerð, efnistaka og annað rask er óheimilt.
3. Umferð vélknúinna ökutækja er bönnuð.
4. Á svæðinu má hvorki skerða gróður né raska jarðmyndunum.

Til undanþágu frá reglum þessum þarf leyfi [Umhverfisstofnunar] eða þess sem fer með umboð [stofnunarinnar].

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndarlaga.

Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni, sem tekur gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum.

Menntamálaráðuneytið, 13. ágúst 1980

F.h.r.

Birgir Thorlacius